

# Orlof, leyfi og fjarvistir á sérnámsgrunnsári

## Áunnið orlof og skil á milli starfa að loknum sérnámsgrunni

Sérnámsgrunnslæknar í samfelldri ráðningu vinna sér inn u.þ.b. tvo daga í orlof fyrir hvern unninn mánuð. Við styttri námsdvöl, s.s. tímabils á heilsugæslu eða annarri sjúkrastofnun, þá er orlof greitt út í lok starfs þar.

- Á Landspítala gildir að ef sérnámsgrunnslæknir gerir ekki nýjan ráðningarsamning við Landspítala, fær hann orlofið greitt út þegar starfi lýkur.
- Forsenda þess að halda ráðningarsambandi á milli sérnámsgrunns og sérnáms eða nýs starfs á Landspítala er eftirfarandi:
  - SGL með samning við Landspítala um frekari sérnámsstöðu í beinu framhaldi af SG
  - Að búið sé að ganga frá ráðningu/samningi um sérnám eða nýtt starf fyrir lok SG
- Ef sérnámsgrunnslæknir ræður sig í stöðu á Landspítala strax að loknum sérnámsgrunni þá fylgir orlofið með starfsmanninum í nýja starfið. Sérnámsgrunnslæknir semur þá við sitt nýja svið hvenær það er tekið út.

## Vaktavinnuskil

Í vaktavinnuskil safnast upp tímar ef SGL vinnur umfram 36 tíma. Vaktavinnuskil geta farið lægst í -36 tíma og mest í +36 tíma. Allar starfsstöðvar reyna að raða inn á vaktaskema þannig að viðkomandi komi út á sléttu. Við flutning milli starfseininga er greidd yfirvinna í dagvinnu ef vaktvinnuskil eru meira en u.þ.b. +/-10 tímar. Ef SGL fer strax í annað starf á Landspítala þá flytjast tímar í vaktavinnuskilum með yfir á næstu starfsstöð. Tímar í vaktavinnuskilum við lok ráðningar eru greiddir sem yfirvinna á dagvinnu eða dregnir af launum ef SGL er með neikvæða stöðu í vaktavinnuskilum.

## Launað eða ólaunað leyfi

Sérnámsgrunnslæknar geta óskað eftir leyfi í nokkra daga (færri en 5 daga) í samráði við yfirlækni á viðkomandi starfsstöð og telst sá tíma þá til fjarvista frá sérnámsgrunni. Oft má þó nýta tíma í vaktavinnuskilum fyrir stutt leyfi. Ef sótt er um leyfi sem er lengra en 1 vika (5 samfelldir dagar) þá má reikna með að námsárið lengist sem um það sem því nemur. SGL bera ábyrgð á því að sækja um leyfi með góðum fyrirvara og í samráði við yfirlækni og umsjónarsérnámslækni. Umsókn um leyfi er á ábyrgð sérnámsgrunnslækna.

Hafa þarf eftirfarandi í huga:

- Orlof er ekki greitt út fyrir fram, þannig að ef óskað er eftir sumarleyfi, þá þarf sérnámsgrunnslæknir að hafa áunnið sér réttindi til þess.
- Að óskað sé eftir leyfi til umsjónarsérnámslæknis/yfirlæknis (og/eða stjórnumerka aðilans í tengiliðaskjali) með góðum fyrirvara og áður en vaktaskema liggur fyrir.

- Að sérnámsgrunnslæknir hafi fengið staðfestingu á leyfi frá umsjónarsérnámslækni/yfirlækni (og/eða stjórnnumerkjum aðila í tengiliðaskjali).
- Að tilkynna þarf um launuð og ólaunuð leyfi til menntadeildar. Sérnámsgrunnslæknar skulu senda tilkynningu um samþykkt leyfi í tölvupósti til [sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is)

### **Orlof á sérnámsgrunnssári - Gildir fyrir sérnámsgrunnslækna sem hófu störf frá og með júní 2024**

#### ***Orlof á sérnámsgrunnssári***

Ávinnsla orlofs er 216 stundir á ári miðað við 100% starf og hlutfallslega eftir starfshlutfalli. Þetta eru samtals 18 stundir á mánuði fyrir 100% starf, samtals 2,5 dagar, og reiknast hlutfallslega frá upphafsdegi starfs. Þar sem sérnámsgrunnssárið dreifist á margar starfsstöðvar, þá er miðað við að hægt sé að taka sem nemur 5 virkum dögum í orlof á tveggja mánaða tímabili (skv. skilum í blokk), svo fremi sem reglur um töku orlofs leyfa að það sé tekið út (sjá fyrir LSH og SAK) og viðkomandi starfsstöð geti komið því við.

#### ***Orlof (LSH og SAK)***

Hvert orlofstímabil nær frá 1. maí til 30. apríl árlega. Það er því hægt að óska eftir að taka út áunnið orlof frá og með 1. maí og er það mismikið eftir því hvenær sérnámsgrunnssár hófst og hve mikill hluti þess hefur verið unnin á LSH/SAK á tímabilinu.

#### ***Orlof (HVE/HSU/heilsugæslustöðvar)***

Þar sem um stutt tímabil er að ræða, yfirleitt 2 – 4 mánuðir, þá er orlofið venjulega greitt út strax að loknu því tímabili. Í þessum tilfellum er hægt að óska eftir því við viðkomandi starfsstöð að taka út orlof fyrir 1. maí (5 daga fyrir 2ja mánaða tímabil), svo fremi að það sé samþykkt af viðkomandi starfsstöð.

#### ***Samþykkt leyfi tekið út sem orlof***

Óska þarf eftir því sérstaklega að samþykkt leyfi eða hluti af því sé tekið út sem orlof og teljist þar með til námsblokkar. Alltaf þarf að láta Sigrúnu Ingimarsdóttur ([sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is)) vita strax um orlof og önnur leyfi, þar sem allt þarf að vera rétt skráð í blokkina. Ekki þarf að lengja sérnámsgrunnssárið vegna tímabils sem tekið er út sem orlof, svo fremi sem það hafi verið tilkynnt fyrir fram. Blokkin er þá leiðrétt miðað við það.

#### ***Almennt um orlof við lok sérnámsgrunnss***

Það má gera ráð fyrir að flestir kjósi að taka orlofið alfarið út að loknu sérnámsgrunnssárinu. Mörgum finnst gott að taka hlé milli starfa og hlaða batteríin áður en nýtt starf tekur við og eiga þá inni orlof fyrir þann tíma. Athugið að aldrei má enda ráðningu í orlofi.

Hægt er að óska eftir að bil milli starfa sé brúað með orlofi. Þannig er hægt að óska eftir að taka út orlof eftir að ráðningu lýkur vegna sérnámsgrunnns og fram að upphafi starfs í sérnámi, svo fremi sem ekki séu meira en 4 – 6 vikur á milli starfa. Einungis er hægt að óska eftir þessu ef þegar hefur verið gengið frá samfelldum ráðningarsamningi frá lokum sérnámsgrunnns.

### **Veikindi**

Veikindi tilkynnist til viðkomandi umsjónarsérnámslæknis/skrifstofustjóra/ritara og þess sérfræðilæknis sem er með teymið sem sérnámsgrunnslæknir vinnur á. Umsjónarsérnámslæknir/yfirlæknir getur óskað eftir vottorði vegna veikinda en almenna reglan er að ef veikindi vara viku eða lengur, ber að skila afriti af veikindavottorði til verkefnastjóra á menntadeild ([sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is)), sem kemur því til launadeildarinnar. Nóg er að skanna inn eða taka mynd af vottorðinu og senda sem viðhengi í tölvupósti. Kostnaður vegna vottorðsins er endurgreiddur ef kvittun fylgir með. Veikindi teljast til fjarvista af sérnámsgrunnnsári.

### **Fæðingarorlof**

Tilkynning um fæðingarorlof sendist til Sigrúnar Ingimarsdóttur ([sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is)), sem gerir ráðstafanir í námsblokk og lengir árið um það sem því nemur. Miðað er við að allar fjarvistir fram að veikinda- og/eða fæðingarorlofi, þ.m.t. fjarvistir vegna lægra starfshlutfalls, séu teknar saman og þeim bætt við námsblokkina að loknu fæðingarorlofi. Ekki þarf að lengja sérnámsgrunn þó að sérnámsgrunnslæknir taki ekki vaktir í einhvern tíma fram að fæðingu barns. Ef sá tími reynist þó mjög langur, þá er mögulegt að viðkomandi þurfi að bæta það upp með verkefnum sem skila þarf inn í ePortfolio-kerfið.

Sérnámsgrunnslæknir þarf að láta viðkomandi umsjónardeildarlækna/yfirlækni vita með góðum fyrirvara, þannig að þeir geti haft í huga að mögulega þurfi að taka tillit til sérnámsgrunnslæknis vegna aðstæðna/veikinda fram að fæðingu barns. Veikindavottorðum skal skilað til Sigrúnar, en sérnámsgrunnslæknir þarf sjálfur að senda upplýsingar um veikindaleyfi eða möguleika á skertu starfshlutfalli til viðkomandi umsjónardeildarlæknis/yfirlæknis. Fyrir þau sem eru á LSH, má sjá frekari upplýsingar í gæðahandbók Landspítala

(Vinnuvernd starfsmanna – þungaðar konur <http://heitur.landspitali.is/focal/gaedahandbaekur/gnhskurda.nsf/0/3E7805186EA901E30025822E0033C109>)

Sigrún Ingimarsdóttir ([sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is)) tekur á móti pappírnum og rafrænum skjölum frá Fæðingarorlofssjóði og sér um að fara yfir og skrifa undir þau skjöl.

### **Leyfi vegna vísindastarfa**

Sótt skal um leyfi til umsjónarsérnámslæknis (og/eða stjórnmerkta aðilans í tengiliðaskjali) með góðum fyrirvara vegna þátttöku í ráðstefnum. Slík leyfi teljast til fjarvista af námsárinu, en óska má eftir því að

staðarvaktafri sé nýtt vegna slíkra ferða. Sjá nánari upplýsingar í skjölunum „Námsdagar – minnisblað“ og „Hvernig má sækja um námsdaga, ferðakostnað og námskeiðsgjöld“ á heimasíðu sérnámsgrunnslækna: <https://island.is/s/landspitali/sernamsgrunnslaeknar>

### **Lenging á sérnámsgrunni vegna fjarvista**

Veikindaleyfi og/eða launað og ólaunað leyfi telst til fjarvista á námsárinu og teljast vaktir þar með. Leyfðar eru samtals 100 klst. í reiknaðar fjarvistir (vaktir taldar með) á námsárinu og miðast þær fyrst og fremst við stuttar fjarvistir sem dreifast yfir árið. Reiknaðar fjarvistir er samtals fjöldi fjarvista í klst., en hver fjarvistardagur telur þó aldrei meira en 7:12 klst.

Reiknaðar fjarvistir umfram 100 klst. lengja kándidatsárið um 1 – x vikur, þ.e.:

- Reiknaðar fjarvistir umfram 101 klst. til og með 137 klst. lengir sérnámsgrunninn um 1 viku
- Reiknaðar fjarvistir umfram 137 klst. til og með 173 klst. lengir sérnámsgrunninn um 2 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 173 klst. til og með 209 klst. lengir sérnámsgrunninn um 3 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 209 klst. til og með 245 klst. lengir sérnámsgrunninn um 4 vikur, o.s.frv.

Lenging á sérnámsgrunni verður yfirlétt á því sviði þar sem flestar fjarvistir komu til.

Ef fjarvistir vara samfelld í viku eða lengur, þá má reikna með að árið verði strax lengt um það sem því nemur.

Sjá nánari upplýsingar aftast í gátlista fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunni.

### **Vandamál**

Komi upp vandamál í tengslum við vaktaskema og leyfi, þá er mikilvægt að leysa það í samvinnu við umsjónarsérnámslækni og yfirlækni á viðeigandi sviði. Takist það ekki geta sérnámsgrunnslækna leitað til umsjónarmanna sérnámsgrunns.